

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Umhverfissjóð Snæfellsness.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Umhverfissjóður Snæfellsness. Upphaflegur grunnur að sjóðnum er minningarsjóður sem stofnaður var um Guðlaug Bergmann framkvæmdastjóra og frumkvöðul sem fæddur var 20. október 1938 og lést þann 27. desember 2004. Sá sjóður var þann 20. október 2006 gefinn til sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi, Eyja- og Miklaholtshrepps, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar til stofnunar Umhverfissjóðs Snæfellsness.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja ýmis verkefni í umhverfis- og samfélagsmálum sem byggð eru á grunni sjálfbærrar þróunar í sveitarfélögunum fimm á Snæfellsnesi.

3. gr.

Stofnendur sjóðsins eru sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi.

Eyja- og Miklaholtshreppur	kt. 690894-2469
Grundarfjarðarbær	kt. 520169-1729
Helgafellssveit	kt. 600169-6379
Snæfellsbær	kt. 510694-2449
Stykkishólmsbær	kt. 620269-7009

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun með kt. 430105-2130.

Stofnframlag sjóðsins er gjöf úr Minningarsjóði Guðlaugs Bergmann að upphæð 2.035.000 krónur.

4. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er á Snæfellsnesi.

5. gr.

Stofnframlag sjóðsins er 2.035.000 krónur. Af því er óskerðanlegt stofnfé 650.000 krónur. Veita má styrki af öðru stofnfé sjóðsins, vaxtatekjum sjóðsins eða öðrum tekjum sem honum áskotnast.

6. gr.

Sjóðurinn er í umsjá sjóðsstjórnar sem ber ábyrgð á honum. Efla skal sjóðinn með vöxtun stofnfjár og gjöfum, áheitum, styrktarframlögum eða öðrum tekjum sem sjóðnum kunna að berast. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að velja bestu ávöxtunarleiðir fyrir fjármuni sjóðsins hverju sinni.

7. gr.

Stofnfé sjóðsins og önnur framlög í hann fram að þeim tíma er hann er gefinn sveitarfélögunum fimm á Snæfellsnesi, byggja á gjöfum stofnenda minningarsjóðsins og annarra til minningar um Guðlaug Bergmann, sem vann ötullega og opinberlega að umhverfismálum í anda sjálfbærrar þróunar allt frá árinu 1995.

8. gr.

Sjóðurinn mun starfa ótímabundið frá stofndegi sem er 20. október 2006.

9. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir styrki úr sjóðnum, þegar hún telur ljóst að tekjur sjóðsins séu nægar til að hægt sé að veita styrkfjárhæð sem nýtist væntanlegum styrkþegum.

10. gr.

Sjóðsstjórn skipa þrjár aðilar sem skulu í upphafi tilnefndir af stofnendum sjóðsins. Sjóðsstjórn er tilnefnd til tveggja ára í senn. Stjórn sjóðsins tilnefnir síðan áfram stjórnendur í samráði við sveitarstjóra, oddvita eða forseta bæjarstjórna sveitarfélaganna fimm.

11. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á framkvæmd allri og fjárreiðum og hefur æðsta vald í mál-efnum sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal endurskoða af löggiltum endurskoðanda og leggja þá fram á aðalfundi sjóðsins.

12. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður nema með samþykki sjóðsstjórnar, né skipulagsskrá hans breytt. Verði sjóðurinn lagður niður skulu fjármunir hans renna til umhverfismála eftir ákvörðun stjórnar og að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. nóvember 2006.

F. h. r.

Hjalti Zóphóniásson.

Bryndís Helgadóttir.